Skúlptúr hér og nú

Skúlptúr, Íslensk samtímalist á Listahátíð 1994, Kjarvalsstöðum.
Í stuttu máli: Spennandi sýning sem veitir allgott yfirlit yfir það sem yngri listamenn eru að fást við í skúlptúrlist.



MYNDLIST

GUNNAR J. ÁRNASON

Á Kjarvalsstöðum hefur, í tilefni af Listahátíð, verið efnt til viðamikillar yfirlitssýningar á þeim hræringum sem hafa átt sér stað í íslenskri skúlptúrlist á undanförnum árum. Það er töluverður fengur að sýningu sem þessari, bæði fyrir almenning, sem gefst kostur á að kynna sér það sem hefur verið að gerast í sýningarsölum á undanförnum misserum, en einnig fyrir listamenn og þá sem fjalla um list, til að sjá einstaka listamenn í samhengi við samtíma sinn og átta sig á tíðarandanum.

Undirtitill sýningarinnar er „Íslensk samtímalist“, en það er ljóst að það verður að gera vissa fyrirvara á honum, því sýningin er ekki tæmandi úttekt á íslenskri skúlptúrlist í dag. Það er greinileg áhersla á þá listamenn sem hafa komið fram á síðastliðnum tíu til fimmtán árum, sumir jafnvel nýskriðnir úr skóla. Rótgrónari listamenn eins og **Magnús Pálsson, Kristján Guðmundsson, Helgi Gíslason** og **Sverrir Ólafsson**, svo nokkrir séu nefndir, eru ekki meðal sýnenda, jafnvel þótt sumir þeirra séu að gera mjög athyglisverða hluti. Einnig má benda á að nokkrir athyglisverðir listamenn úr aldurshópi þátttakenda eru ekki með, t.d. **Hannes Lárusson** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir**, sem bæði hafa sýnt nýlega. Þá er erfitt að afmarka skúlptúrlist á skýran hátt og ýmis jaðarfyrirbæri, eins og gjörningar og vídeólist, eru ekki með á sýningunni, né heldur þau verk sem eru á mörkum textíl- og leirlistar. Hvað verkin sjálf áhrærir, sem eru á sýningunni, þá eru þau ekki endilega dæmigerð fyrir viðkomandi listamann, sum eru gerð sérstaklega fyrir sýninguna og miðuð við aðstæður, en önnur ekki. Það ber líka að varast að líta svo á að sýningin sjálf endurspegli hlutfall þeirra listamanna sem eru að fást við tiltekin viðfangsefni eða hallast að ákveðnum stílbrögðum. Það er hins vegar athyglisvert að það eru sextán konur meðal þátttakenda en þrettán karlar, sem sýnir ljóslega þau stakkaskipti sem hafa orðið í íslensku listalífi á skömmum tíma.

Það sem maður óttast mest við jafn viðamiklar og fjölmennar sýningar er að öll verkin lendi í einni allsherjar kös þar sem ekkert þeirra nýtur sín. Aðstandendur hafa reynt sitt ýtrasta til að leysa þetta vandamál og aðskilja einstaka sýnendur, en þeir eru alls 29 talsins. Það hefur verið leyst með því að byggja veggi eða skilrúm inn í sýningarsalina tvo, þannig að sumir fá afmarkað rými, en aðrir deila bás með einum eða tveimur. Þetta er mjög mikilvægt atriði þar sem margir vinna beinlínis með innsetningar („installasjónir“) og flestir miða verk sín við eiginleika rýmisins.

Samruni andstæðna

Hvað segir þessi sýning okkur um íslenska skúlptúrlist? Eitt af því sem mér finnst einkenna sýninguna er að það er ekki lengur til staðar nein skýr andstæða milli hugmyndalistar, í víðum skilningi, og formhyggju abstraktlistarinnar. Listamenn virðast forðast að gera skýran greinarmun á formi og inntaki. Ef við horfum tvo til þrjá áratugi aftur í tímann þá sjáum við miklu afdráttarlausari andstæður meðal listamanna sem fást við form, myndbyggingu og efnisnotkun og þeirra sem líta á hugmyndina að baki verkinu sem upphaf og endi alls. Þróun í þessa átt má greinilega sjá hjá **Rúrí**, sem er líklega listrænn aldursforseti sýningarinnar. Hún kemur fram í lok SÚM-tímabilsins og hefur fengist við hugmyndir sem eiga rætur að rekja til hugmyndalistarinnar á sjöunda áratugnum, svo sem magnhugtök og mælieiningar. Meðferð hennar á viðfangsefninu hefur þróast í átt að formrænum lausnum, tommustokkurinn, sem hafði til að byrja með fyrst og fremst táknræna merkingu, er nú orðinn eining í skúlptúrverki sem byggist á ferningi, teningi eða hring.

Verk **Daníels Magnússonar**, „Minnisvarði um Snorra Sturluson“, er nokkuð dæmigert fyrir þann samruna hugmyndalistar og formhyggju sem er algengur meðal yngri listamanna. Hann er handverksmaður, hefur unun af að handleika efnið og smíðar forláta skáp. Hann byggir verk sín upp á strangan, geómetríska hátt. En hann notar jafnframt tilbúna hluti, eins og svo algengt er í hugmyndalistinni, í þessu tilviki smókingföt og ljósmyndir, og verkið býr yfir margbrotnum skírskotunum í sögu og menningu þjóðarinnar.

Það sem hefur gerst er að listamenn eru miklu næmari fyrir ýmsum blæbrigðum merkingar sem felast í formi, efni og áferð. Sömuleiðis virðast þeir hafa misst trúna á að það sé að finna hlutlausan framsetningarmáta sem hafi ekki áhrif á inntak og hugmynd verksins. **Haraldur Jónsson** nýtir sér efni sem gefa tilfinningu fyrir einangrun, þögn og innilokun, stundum með því að nota efni sem er beinlínis notað til hljóðeinangrunar. Annars eru engin takmörk fyrir því hvers konar efni menn eru tilbúnir að nota og oft er alls óskyldum og ólíklegum efniviði blandað saman.

Það eru engar hreinar línur í samtímalistinni. Naumhyggjan, þar sem notast er við hrá efni, einföld form og reglulega uppbyggingu verkanna, er varla til staðar á sýningunni. Hin stílhreina formfegurð, sem sést í verkum **Svövu Björnsdóttur**, er undantekning sem sannar þá reglu að abstrakt form, óhlutbundin form, hafa vikið fyrir því hlutbundna. Í verki **Guðrúnar Hrannar** er skápur, sem líkist einna helst skúlptúr eftir Donald Judd, fóðraður með skrautlegu veggfóðursmunstri og ögrar öllum hefðbundnum aðskilnaði milli grunnforma og yfirborðskennds skrauts. Listamenn eru greinilega ekki of uppteknir af innra samræmi og lógík verkanna og eru óhræddir við að bjóða mótsögnum heim. En þeir vilja samt sem áður hafa góða stjórn á hlutunum og hið lausbeislaða kæruleysi, sem oft einkenndi Fluxus og síðar SÚM, á ekki upp á pallborðið lengur.

Kvenfólk og konsept


Þeir sem búast við að sjá mannamyndir verða fyrir vonbrigðum því það eru engar fígúratífar styttur á sýningunni. Form mannslíkamans er hvergi að finna. En samt er töluverð mannleg nálægð í mörgum verkanna sem gerir vart við sig á óbeinan hátt. **Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson** kemur á óvart með verki sínu, „Blóði Krists“, en hann er þekktari fyrir annað en skúlptúrverk. Að utan er lítið að sjá annað en stóran trékassa úti á gólfi, en þegar inn í kassann er komið er áhorfandinn staddur í bænaklefa, lokuðum heimi trúarlegrar reynslu. En klefinn er einnig „Camera Obscura“, því í gegnum lítið gat berst ljós sem varpar öfugri mynd ef einhver flötur er settur rétt við gatið. Þegar talið berst að persónulegum reynsluheimi og mannlegri nálægð þá er ekki óeðlilegt að spyrja sig hvort hinn aukni fjöldi kvenfólks hafi haft áhrif á viðfangsefni skúlptúrlistamanna. **Anna Líndal** notar hluti og efni sem hafa augljósa skírskotun til kynjanna, annars vegar járnkarl, skóflu og mold, hins vegar eldhúsáhöld, sykur og tvinna. „Horn“, eftir **Þóru Sigurðardóttur**, minnir nokkuð á verk Louise Bourgeois, þar sem saman fara umlykjandi rými, mjúkar línur og lífræn form. Og í verkum **Bryndísar Snæbjörnsdóttur, Ólafar Nordal, Önnu Eyjólfsdóttur** og **Hlyns Helgasonar** er kynferði þáttur í merkingarsviði verkanna. Annars eru hið kvenlega og karlmannlega ákaflega fljótandi hugtök og engar skýrar línur í þeim efnum.

Hugmyndalistin, „konseptið“, er ekki dautt úr öllum æðum. Íslensk konseptlist hefur verið hálfgerð grautargerð hingað til, með samsuðu af Fluxus, Arte Povera og fleiri stefnum. Verk þeirra **Ólafs Gíslasonar, Ívars Valgarðssonar, Þorvaldar Þorsteinssonar** og **Finnboga Péturssonar** koma okkur því ekki fyrir sjónir sem dæmigerð „konsept“-verk. Enda er það ekki einkenni á verkum þeirra að upphefja hugmyndina sem takmark í sjálfu sér. Þeir eru miklu fremur að leika sér með veruleika listarinnar og þann greinarmun sem við gerum á veruleika og ímyndun, sannleika og skáldskap. Hið stórskemmtilega verk Þorvaldar um slökkvilið Reykjavíkur, sem er staðsett á ganginum milli sýningarsalanna, hefur endaskipti á blekkingu listarinnar. Á röð ljósmynda er nákvæm skrásetning á staðreyndum um slökkviliðið, mannafla og tækjabúnað. Þessum myndum er raðað umhverfis „breytanlega æfingaíbúð fyrir reykafara“, sem er raunverulegt æfingasvæði sem hefur verið flutt heilt frá slökkvistöðinni yfir á Kjarvalsstaði og sett þar upp. Æfingaíbúðin er því fullkomlega „raunverulegur hlutur“, en ekki tilbúningur listamannsins, en það er hins vegar tilbúið rými ímyndaðs íbúðarhúsnæðis, og þ.a.l. skáldskapur. Það er aftur á móti sláandi hliðstæða milli ranghala æfingaíbúðarinnar og sýningarsalarins með básum sínum og skilrúmum, báðir staðir eru að vissu leyti eftirlíkingar af raunverulegu rými og fráteknir fyrir ímyndunaraflið.

Skúlptúr á stofnun

Sýningarsalurinn sjálfur, Kjarvalsstaðir, gegnir lykilhlutverki á þessari sýningu. Öll verkin nema fimm eru innandyra og það er aðeins verk **Finnu B. Steinsson**, „Út um stéttar“, sem reynir að takast á við umhverfið á hugmyndaríkan hátt með því að gróðursetja rammíslenskar þúfur í stéttina fyrir framan Kjarvalsstaði. Á sýningunni er ekki að finna neina huggulega styttulist, en flestir ef ekki allir eru sáttir við það skjól sem er að finna innan veggja opinberrar stofnunar. Maður verður ekki var andstöðu við „kerfið“ eða tilrauna til að brúa bilið milli stofnanalegrar listar og almennings, sem var algengt viðhorf á sjöunda og áttunda áratugnum. Enda er yfirleitt gengið út frá rými sýningarsalarins í skúlptúrlist samtímans og slíkt rými er varla að finna annars staðar í þjóðfélaginu.

Í heildina er vel staðið að þessari sýningu, ef tekið er tillit til þeirra fyrirvara sem að ofan greinir, og það er virkilega spennandi að sjá breiddina og fjölbreytnina í skúlptúrlistinni, sem bendir til að það sé einna mest gróska í henni um þessar mundir í íslenskri myndlist.



„Verk Daníels Magnússonar, „Minnisvarði um Snorra Sturluson“, er nokkuð dæmigert fyrir þann samruna hugmyndalistar og formhyggju sem er algengur meðal yngri listamanna.“

Mystík í matargerð



POTTAGALDRAR

SIGFRÍÐ ÞÓRISDÓTTIR

Í þætti Sigurðar Hall í maí var gestur að nafni frú Verónika Planyandy frá Singapore, sem á ættir að rekja til Indlands. Það sem vekur athygli við indverska matargerð er mortelið, heilagt verkfæri í formi nytjalistar í eldhúsi, og táknar notkun þess einskonar forleik í matargerðinni. Ristuð kryddfræ og aðrar kryddtegundir eru brotin niður og sameinuð í mortelinu sem undirbúningur að yfirtöku kryddsins hvað ilm og bragð varðar. Fyrir þeim sem nota mortel er það nánast helgur hlutur og helg athöfn, róandi og full dulúðar. Til heiðurs mortelinu gef ég hér upp uppskriftir að kryddblöndum sem þurfa ekki endilega að vera bundnar við indverska matargerð heldur getum við notað þær að vild og eftir eigin hugmyndaflugi; í grillrétti, í kjöthakksböggla á teini, í kaldar jógúrtsósur og grillolíur, í kryddlög með jógúrt, í pottrétti og margt fleira.

Garam Masala

1 tsk. svartur pipar, 8 kardimommur en aðeins fræin úr þeim notuð, 5 cm kanelstöng, 8 negulnaglar, 2 tsk. cumin-fræ (kryddkúmen) helst svört ef til eru og 2 tsk. kóríanderfræ. Ristið kryddið á þurri, heitri pönnu og setjið í mortel og myljið vel. Geymt í lokaðri krukku. Garam Masala-kryddblandan er síðan notuð með öðrum kryddtegundum í marga indverska rétti.

Hara Masala

Þessi kryddblanda krefst ferskra kryddjurta: Kóríanderlaufa, myntulaufa og fersks chili-ávaxtar. Fræin úr chili-ávextinum eru fjarlægð og hann saxaður smátt ásamt laufunum og blandað saman í hlutföllunum: 3 tsk. kóríanderlauf, 1/2 tsk. myntulauf og 2–3 chili-ávextir. Blandan er notuð samdægurs, t.d. út í raita, sem er indversk jógúrtsósa, og er þá notuð hrein jógúrt. Hér heima getum við blandað saman einni dós af hreinni jógúrt og hálfri dós af sýrðum rjóma til að það verði svipað að þykkt og indverska jógúrtin. Einnig mætti geyma þessa blöndu í dálítlu ediki og vatni til að auka geymsluþol hennar og nota hana síðan með öðru kryddi.

Achar Ke Masala

Þessi blanda er notuð með Garam Masala-blöndunni í mörgum réttum. Krydd: 2 tsk. kóríanderfræ, 2 tsk. cumin-fræ, 1/2 tsk. sinnepsfræ, 1/2 tsk. laukfræ og 1 tsk. fenukreek-fræ. Byrjið á að rista kóríander- og cumin-fræin á þurri, heitri pönnu og bætið síðan hinum út í rétt í lokin. Myljið vel í morteli og geymið í lokaðri krukku.